

Reiknistofa bankanna

Sjálfbærniskýrsla 2025

Efnisyfirlit

1.	Reiknistofa bankanna	2
2.	Sjálfbærnistefna RB.....	2
3.	Áherslur RB í umhverfismálum.....	3
	Mælingar á kolefnisspori	4
	Gagnaver og skýjaþjónusta.....	5
	Lágmörkun umhverfisáhrifa í rekstri RB.....	5
4.	Starfsfólk RB er í fyrirrúmi	5
	Jafnrétti	6
	Vellíðan starfsfólks	6
5.	Stjórnarhættir sem stuðla að framþróun.....	7

1. Reiknistofa bankanna

Frá stofnun Reiknistofu bankanna árið 1973 hefur fyrirtækið borið ábyrgð á grunnstoðum greiðslumiðlunar Íslands og tryggt að fjármálastarfsemi landsins gangi vel fyrir sig með því að tryggja uppitíma og rekstur á fjölmörgum mikilvægum upplýsingatæknikerfum. Það er stefna RB að vera drifkraftur breytinga og eftirsóttur samstarfsaðili á íslenskum fjármálamarkaði. RB leggur áherslu á að vinna áfram að því öfluga markmiði með sjálfbærni og skilvirkni að leiðarljósi. Jafnframt leggur RB ríka áherslu á umhverfi og félagslega þætti í starfseminni og á fyrirmyndar stjórnarhætti.

Hjá RB eru öryggismál höfuðatriði og er RB í veigamiklu hlutverki í að efla sameiginleg netöryggismál á fjármálamarkaði.

Til að RB geti sinnt sínu kjarnahlutverki um öryggismál og tryggan rekstur fjármálastarfsemi þá skiptir lykil máli að fyrirtækið fjárfesti í og rækti mannauðinn. RB leggur þ.a.l. metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öll kyn með ólíkan bakgrunn. Heilbrigði, vellíðan og jafnrétti á breiðum grunni eru þar lykilatriði. RB leggur áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til þess að vaxa og dafna í starfi.

RB leggur áherslu á umhverfismál í rekstri fyrirtækisins og að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar. Með öruggum, hagkvæmum og umhverfisvænum rekstri stuðlar RB að því að rekstur innviða greiðslumiðlunar á Íslandi sé í fremstu röð.

RB er aðili að Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja og hefur skrifað undir Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Þar með hefur RB skuldbundið sig til að mæla, draga úr losun og greina frá árangri er varða loftslagsmál en einnig að draga úr myndun úrgangs á vegum fyrirtækisins.

RB leggur ríka áherslu á að vera til fyrirmyndar í íslensku samfélagi og framfylgja ábyrgum stjórnarháttum.

Á árinu 2025 fékk RB þrjár viðurkenningar sem snúa að rekstri fyrirtækisins og stjórnarháttum; framúrskarandi fyrirtæki ársins hjá Creditinfo, fyrirmyndafyrirtæki í rekstri valið af Viðskiptablaðinu og Keldunni og fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum veitt af Stjórnvísí, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

RB hefur unnið að því að þróa ófjárhagslega upplýsingagjöf sína og í sjálfbærniuppgjöri RB fyrir árið 2025 verður notast við UFS (umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir) Nasdaq 2.0 viðmiðin með tengingu við viðeigandi heimsmarkmið SP og GRI staðla, líkt og kemur fram í sjálfbærniuppgjöri félagsins. RB mun halda áfram að þróa sjálfbærniupplýsingagjöf sína og taka mið af kröfum markaðarins hverju sinni.

2. Sjálfbærnistefna RB

Það er RB mikilvægt að vera eftirsóttur samstarfsaðili og vera til fyrirmyndar í sjálfbærni. Því skiptir máli að sjálfbærnistefna fyrirtækisins sé gagnsæ og taki mið af þörfum og væntingum hagaðila fyrirtækisins.

Sjálfbærnistefna RB er leiðarljós fyrirtækisins til framtíðar, með henni varðar RB veginn að sjálfbærum rekstri. Sjálfbærnivegferðin verður ekki gengin á einum degi og það er mikilvægt að starfsfólk og aðrir hagaðilar RB viti hvert ferðinni er heitið.

Stjórn RB samþykkir stefnu fyrirtækisins um sjálfbærni og ber forstjóri ábyrgð á að hún sé innleidd ásamt því að tryggja að mannauður og aðrar auðlindir séu til staðar til að framfylgja stefnunni.

Forstjóri skipar verkefnastjóra yfir málaflökknum hverju sinni og bera framkvæmdastjórar og forstöðumenn ábyrgð á því að starfsfólk framfylgi stefnu og lykilmælikvörðum fyrirtækisins um sjálfbærni. Ofangreindir aðilar bera sameiginlega ábyrgð á því að stefnan sé vel kynnt fyrir helstu hagaðilum fyrirtækisins, s.s. starfsfólki, viðskiptavinum, eigendum, samstarfsaðilum og birgjum, svo einhverjir séu nefndir. Sjálfbærnistefnan og árangur út frá markmiðum er tekið fyrir á stjórnarfundum a.m.k. árlega.

Áherslupættir RB í sjálfbærni eru eftirfarandi:

Umhverfispættir		Félagslegir þættir og stjórnarhættir		
Lágmörkun áhrifa á loftslag	Lágmörkun annara umhverfisáhrifa	Öryggi	Starfsfólk og samfélag	Stjórnarhættir sem stuðla að framþróun
Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna samgangna starfsmanna Losun GHL vegna gagnavera og skýjaþjónustu Losun GHL vegna annarrar þjónustu	Úrgangur – Starfsstöð, raftæki og vélbúnaður Innkaup – Rekstur, hugbúnaður og raftæki Úrgangur og mengun vegna gagnavera og skýjaþjónustu	Gagna- og upplýsingaöryggi Gagnsæi	Jafnrétti Símenntun starfsmanna og þróun Velliðan starfsmanna	Aðgerðir gegn mismunun Siðareglur birgja Siðareglur starfsfólks

Mynd 1. Fimm áhersluflokkar RB í sjálfbærni

Yfirmarkmið sjálfbærnistefnu RB eru eftirfarandi:

Umhverfispættir	Félagslegir þættir	Stjórnarhættir
RB að fullu kolefnishlutlaust	Velliðan starfsmanna er í fyrirrúmi	Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga fyrir hagaðila okkar
Sjálfbær og kolefnishlutlaus gagnaver og skýjaþjónusta	Jafnrétti á vinnustaðnum fyrir alla	Veita fullkomið gagnsæi í störfum okkar og ákvarðanatöku
Lágmörkun umhverfisáhrifa í rekstri RB		Velja birgja og samstarfsaðila sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi

Tafla 1. Yfirmarkmið sjálfbærnistefnu RB

3. Áherslur RB í umhverfismálum

Yfirmarkmið RB í loftslagsmálum er að verða kolefnishlutlaust. Í þeirri vegferð felst að gera heildargreiningu á óbeinu kolefnisspori RB, setja markmið um að draga úr því eins og mögulegt er og kolefnisjafna það sem útaf stendur með vottuðum kolefniseiningum.

Það er RB mikilvægt að allur almennur rekstur hafi sem lægst umhverfisspor og að starfsfólk RB taki virkan þátt í að draga úr því spori. Þess vegna er lögð áhersla á þá hluti sem snúa að innkaupum og þáttum sem snúa að starfsfólki s.s. samgöngum starfsfólks. Allur rekstur RB og gagnaver nýta rafmagn úr 100% staðfestum endurnýtanlegum orkugjöfum. Það er RB einnig

mikilvægt að lágmarka önnur umhverfisáhrif starfseminnar og til þess þarf að líta til allrar virðiskeðjunnar. Þá er lögð sérstök áhersla á að velja þjónustuaðila sem mæla kolefnissporið sitt og hafa sett sér stefnu í sjálfbærni.

Mælingar á kolefnisspori


Til að fá yfirsýn yfir kolefnisspor starfseminnar hefur RB notast við hugbúnað frá sjálfbærnihugbúnaðarfyrtækinu Klöppum frá árinu 2020. Hugbúnaður Klappa reiknar út kolefnisspor af starfsemi RB og tekur saman UFS upplýsingar í sjálfbærniuppgjöri. Út frá uppgjörinu getur RB greint betur hvaða þættir hafa mest áhrif og forgangsraðað aðgerðum til að draga úr umhverfisáhrifum rekstursins.

Árið 2025 voru eftirfarandi losunarpættir sem lágu til grundvallar kolefnissporsreikningum:

- Eldsneytisnotkun
- Viðskiptaferðir
- Orkunotkun (rafmagn og heitt vatn)
- Úrgangslosun
- Eldsneytis- og orkutengd starfsemi
- Keyptar vörur og þjónusta
- Samgöngur starfsfólks

Heildarkolefnisfótspor RB miðað við þessa losunarpætti var 240,2 tCO₂ sem er hækkun um 15,2 tCO₂ frá árinu 2024, en þá var heildar kolefnisfótspor RB 225 tCO₂. Helsta ástæða fyrir þessari hækkun er sú að keyptar vörur og þjónusta hækkaði úr 90 tCO₂ í 108 tCO₂ en á árinu, líkt og á árinu 2024 var sá flokkur langstærsti losunarpáttur í kolefnisfótspori RB.

Stefnt er að því að taka inn enn fleiri losunarpætti á næstu árum. Þar er til að mynda um að ræða kolefnisspor vegna vöruflutninga á vegum RB o.fl.



Mynd 2. Kolefnisspor RB 2025 skipt eftir losunarpáttum.

Gagnaver og skýjaþjónusta

Ein af stóru áherslunum í sjálfbærnistefnu RB er að reka sjálfbær og kolefnishlutlaus gagnaver ásamt því að kaupa aðeins skýjalausnir og hýsingarþjónustu af aðilum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

RB leggur ríka áherslu á að 100% staðfest endurnýjanleg orka sé notuð í öllum vélasölum og gagnaverum. Fyrirtækið rekur eigið gagnaver sem gengur fyrir endurnýjanlegri orku og nýtir sér einnig hýsingarþjónustu hjá Borealis Data Center (RDC), hátæknigagnaveri, þar sem öryggis- og umhverfismál eru í hávegum höfð. RDC gagnaverið nýtir rafmagn úr 100% endurnýjanlegum orkugjöfum og vinnur í samræmi við Tier-3 staðalinn.

Gagnaverum fylgir mikið magn af tölvum og tækjabúnaði. Það er mikilvægt að draga úr frumframleiðslu á slíkum búnaði og því hefur RB skráð verklag við förgun á búnaði úr gagnaverum svo að förgun á öllum tölvubúnaði fari í ábyrgt ferli.

RB er meðvitað um að notkun á allri skýjaþjónustu fylgja umtalsverð umhverfisáhrif og mun RB aðeins velja þjónustuaðila sem hafa sett sér markmið um kolefnishlutleysi og sett áherslu á sjálfbærni.

Lágmörkun umhverfisáhrifa í rekstri RB

Í sjálfbærnistefnu RB kemur fram að RB vilji draga úr umhverfisáhrifum í hvívetna og hefur félagið endurskoðað innkaupastefnu sína með sjálfbærni og umhverfismál að leiðarljósi. Það þýðir að keyptar verða umhverfisvottaðar vörur og þjónusta þar sem því verður við komið af aðilum sem hafa sett sér markmið um sjálfbærni.

RB hefur í nokkur ár flokkað úrgang á starfsstöðvum fyrirtækisins og lagt áherslu á að nota fjölnota mál og borðbúnað. Markmið RB er að gera enn betur og flokka 85% alls sorps sem fellur til.

Á árinu 2024 var snjallsorp tekið í notkun á Dalvegi 30 sem gerir RB kleift að mæla nákvæmlega magn þess sem verið er að flokka.

Farið hefur verið í aðgerðir til þess að draga úr prentun á starfsstöðvum og hefur prentun dregist saman um rúmlega 30% síðan 2021.

Stærstu innkaup í rekstri RB eru tölvu- og tækjabúnaður. Þar sem framleiðsla og förgun á tölvubúnaði hefur töluverð umhverfisáhrif hefur RB lagt áherslu að lengja líftíma tölvubúnaðar. RB býður þ.a.l. starfsfólki sínu að kaupa nothæfan búnað til einkanota og með því lengja líftíma tækja. Allur búnaður sem geymir viðkvæmar upplýsingar fer í gagnaeyðingu og annar ónothæfur búnaður fer í viðeigandi förgun fyrir raftæki.

4. Starfsfólk RB er í fyrirrúmi

Mannauður RB er lykillinn að árangri og þess vegna leggur RB metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæft og metnaðarfullt starfsfólk. Því hefur RB sett sér metnaðarfulla mannauðs- og jafnréttisstefnu sem miðar að því að gera RB kleift að ráða, efla og halda í hæfan og fjölbreyttan hóp fólks. Heilbrigði, vellíðan og jafnrétti á breiðum grunni eru þar lykilatriði og að starfsfólk RB fái tækifæri til þess að vaxa og dafna í starfi.

Jafnrétti

RB leggur mikla áherslu á jafnréttismál í víðum skilningi. Árið 2025 var hlutfall kvenna meðal starfsfólks 37% og tæplega helmingur forstöðumanna hjá RB eru konur. Sett eru markmið í sjálfbærnistefnunni um að fjölga konum í tæknirekstri og forritunarstörfum.

Á árinu voru tvær vísindaferðir haldnar þar sem nemendafélög tölvunarfræðinema í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík komu í heimsókn til RB.

Kynjajafnrétti

Ný stefna RB í mannauðs-, jafnlauna- og jafnréttismálum var gefin út í ársbyrjun 2025 og er aðgerðaráætlun til að fylgja stefnunni eftir gefin út á þriggja ára fresti.

Í henni er að finna markmið og aðgerðir fyrirtækisins til að tryggja jafna stöðu kynja á vinnustaðnum og til að skapa starfsumhverfi sem laðar að fjölbreyttan hóp starfsfólks. Áætlunin er sett fram í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Í jafnlaunastefnu RB segir jafnframt að það sé stefna RB að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Á það við um föst laun, yfirvinnu, aukagreiðslur, orlof, lífeyri, laun í veikindum og annað sem meta má til fjár. RB fékk jafnlaunavottun árið 2019 og endurnýjun á jafnlaunavottun á árinu 2025. Mánaðarlega er gerð jafnlaunagreining þar sem kynbundinn launamunur er mældur. Niðurstaða jafnlaunagreiningar árið 2025 sýndi 0,5% launamun, körlum í hag. Markmið RB er 0% óútskýrður kynbundinn launamunur með 1,5% vikið.

Vinnustaður fyrir öll

Það er eindregin yfirlýst og skýr stefna RB að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og/eða kynbundið ofbeldi eða hver önnur samskipti sem gera lítið úr, eða eru meiðandi fyrir starfsfólk eru ekki líðin á vinnustaðnum. Skýrir ferlar eru þegar til staðar um hvernig tekið er á einelti eða áreitni.

Það er markmið RB að byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir öll.

Áhrif út í samfélagið


RB leggur áherslu á að styðja við málefni sem stuðla að betri menntun og auknu jafnrétti í íslensku samfélagi.

RB er stofnaðili að Forriturum framtíðarinnar sem er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla og auka áhuga á forritun og hagnýtri tækni í skólunum. Það er mikilvægt að skapa jöfn tækifæri ungmenna til að mennta sig á sviði tækni. Til þess að svo sé er mikilvægt að styðja við grunn- og menntaskóla landsins á þessu sviði til hagsbóta fyrir samfélagið til lengri tíma. Frá stofnun sjóðsins árið 2014 hafa safnast yfir 35 m.kr. og hefur yfir 600 tölvum verið úthlutað til skóla landsins.

RB stefnir á að gera enn betur við að hvetja til og stuðla að aukinni þátttöku kvenna í kerfis- og tölvunarfræði.

Vellíðan starfsfólks

Áherslur RB gagnvart starfsfólki er að tryggja að því líði vel í vinnunni og að það upplifi sig öruggt á vinnustað, njóti trausts og sannmælis og hefur fyrirtækið sett sér ábyrga og gagnsæja mannauðsstefnu þessu tengt. Árlega framkvæmir félagið vinnustaðakannanir þar sem mæld er helgun og líðan starfsfólks í starfi. Á árinu 2025 mældist starfsánægja hjá RB 4,48 af 5 mögulegum.



Mynd 3. Niðurstöður úr vinnustaðagreiningu RB frá 2019

RB er annt um heilsu og vellíðan starfsfólks. Hjá fyrirtækinu er starfandi trúnaðarlæknir og árlega býður RB starfsfólki upp á heilsufarseftirlit. RB leggur áherslu á að veita starfsfólki heilsusamlegan mat í hádeginu. Starfsfólk hefur aðgang að slökunarherbergi þar sem hægt er að hlaða batterín. RB býður starfsfólki að leita til sálfræðings allt að fimm sinnum á ári því að kostnaðarlausu. RB býður starfsfólki sínu einnig upp á ýmsa fræðslu yfir árið tengt vinnu og endurmenntun en einnig varðandi almenna heilsu og vellíðan. RB er fjölskylduvænn vinnustaður og er með fjarvinnustefnu þar sem lagt er upp með að starfsfólk geti unnið allt að 2 daga í viku í fjarvinnu. Börn starfsfólks eru velkomin á vinnustaðinn.

Mikil áhersla er á heilbrigði og samheldni hjá RB. Starfsfólki stendur til boða að nýta samgöngustyrk sem felur í sér að ferðast a.m.k. fjórum sinnum í viku til vinnu með vistvænum hætti (t.d. almenningssamgöngur, hjól, ganga eða hlaupahjól). Árið 2025 voru að meðaltali 33% af starfsfólki á samgöngustyrk. Starfsfólki stendur til boða að nota Hopp hjól sér að kostnaðarlausu á vinnutíma.

Líkt og undanfarin ár tók RB þátt af krafti í Lífshlaupi ÍSÍ sem og Hjólað í vinnuna sem einnig er á vegum ÍSÍ.

Tónlistarlíf var með miklum blóma sem endranær hjá starfsfólki og haldnir voru nokkrir tónleikar og kór RB söng við hin ýmsu tækifæri.

Mannúðarstarf

Hjá RB gefst starfsfólki kostur á að leggja sitt af mörkum til góðgerðarmála og geta varið einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsfólk velur sér sjálft málefnið sem það vill veita lið en um er að ræða sjálfboðaliðastörf fyrir góðgerðarfélag, mannúðarsamtök, björgunarsveitir og ýmis önnur góð málefni.

5. Stjórnarhættir sem stuðla að framþróun

Samfélagslegar skyldur RB eru umfangsmiklar og tekur RB þeim alvarlega, hvort sem um er ræða í rekstri fyrirtækisins eða út frá virðiskeðjunni. Þetta á við um alla helstu hagsmunaaðila, hvort sem það eru starfsmenn, viðskiptavinir, samstarfsaðilar, birgjar eða aðrir. Lögð er áhersla á að

stjórnarhættir RB séu framúrskarandi og að tryggt sé að þeir séu í samræmi við regluverk, alþjóðlega viðurkennd viðmið og bestu starfsvenjur. RB telur að fjölbreytni í stjórn fyrirtækisins skipti máli og kappkostar að koma á og viðhalda jöfnu kynjahlutfalli samkvæmt íslenskum lögum um kynjahlutföll í stjórnnum. Fimm sátu í framkvæmdastjórn á árinu og var hlutfall kvenna og karla 20%/80%, forstjóri RB (kona) og framkvæmdastjórnar Hugbúnaðarsviðs (karl), Tæknirekstrar (karl), Fjármálasviðs (karl) og Seðlavers RB (karl).

RB leggur upp úr því að stunda ábyrga stjórnarhætti og er stjórnháttaryfirlýsing RB unnin með hliðsjón af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í júní 2023 lét RB gera úttekt á stjórnarháttum fyrirtækisins í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar og fékk endurnýjaða viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum hjá Stjórnvísí sem gildir til 2026. [Stjórnháttaryfirlýsing RB](#) er birt á heimasíðu RB.

Sem hlutafélag mótafst stjórnarhættir RB af fylgni við þau lög og reglur sem almennt gilda um félagsformið ásamt samþykktum RB og öðrum reglum félagsins. [Samþykktir RB](#), [starfsreglur stjórnar](#) og undirnefnda hennar er að finna á [heimasíðu RB](#).

RB setur háar kröfur um heiðarleika og gagnsæi í viðskiptum á hverjum tíma og er á móti hvers kyns spillingu og leggur metnað sinn í að stunda viðskipti í samræmi við siðferðileg viðmið. Fyrirtækið hafnar viðskiptum við birgja sem hafa verið viðloðandi hvers kyns mannréttindabrot eins og nútímaprælkun, barnavinnu, ótryggjum vinnuaðstæðum og hvers kyns mismunun.

Sjálfbærniupplýsingagjöf RB er í áframhaldandi mótun og mun fyrirtækið horfa til fyrirliggjandi reglna auk leiðandi strauma og stefna við skýrslugerð sína. Með hliðsjón af væntanlegum reglugerðum frá Evrópusambandinu um aukna sjálfbærniupplýsingagjöf¹ horfir RB til þess að taka upp virkari upplýsingagjöf um loftslagsáhrættu tengda rekstrinum sínum og áhrifum fyrirtækis á loftslagsbreytingar.² Stjórn fyrirtækisins mun enn fremur halda áfram að auka við áherslur sínar þessu tengt til að tryggja rekstraröryggi RB út frá loftlagstengdri áhrættu auk annarra sjálfbærni þátta.

Öryggi upplýsinga og kerfa RB

Áreiðanleiki upplýsinga- og samskiptakerfa RB er einn af hornsteinum ímyndar fyrirtækisins, sem krefst styrkrar stjórnunar á sviðum upplýsingaöryggis. Öryggisstefna RB er grundvöllur þeirra aðgerða sem RB mun beita til þess að tryggja leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga, upplýsingakerfa og samskiptakerfa. Hún er skilgreind af forstjóra og framkvæmdastjórn fyrirtækisins og tekur til allrar starfsemi RB. Starfsmenn þjónustuaðila (birgja og verktaka) gangast undir þessa stefnu við störf sín í þágu RB.

Það er stefna RB í upplýsingaöryggismálum að fyrirbyggja óheimila og óviðeigandi notkun upplýsinga, að standa vörð um örugga geymslu gagna, öruggan og órofinn flutning þeirra og örugg samskipti og loks að fella áhættustjórnun inn í verkferla og dagleg störf allra viðkomandi starfsmanna. Þá skal gæta lagalegs öryggis og leyndar upplýsinga um viðskiptavini í hvívetna.

Öryggisstefnu RB og verklagsreglum, auk tækni- og skipulagsráðstafana sem á henni byggja er ætlað að vernda hagsmuni RB og viðskiptavina og þannig tryggja:

- réttleika gagna í vörslu RB,
- tiltækileika þjónustunnar,
- leynd upplýsinga

¹ EU Taxonomy and Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD)

² Á ensku er þetta nefnt „double materiality“

og þannig tryggja um leið gæði og öryggi þjónustu.

Öll meðferð persónuupplýsinga sem RB hefur umsjón yfir, sem ábyrgðar- eða vinnsluaðili, skal fylgja lögum og reglum sem gilda um meðferð slíkra gagna. Í því skyni að tryggja fulla fylgni við lög og reglur beitir RB tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem tryggja leynd, réttleika og tiltækileika persónuupplýsinga. RB hefur sett sér persónuverndarstefnu sem nær til allrar starfsemi fyrirtækisins og allra persónugreinanlegra gagna sem fyrirtækið höndlar með sem ábyrgðar- eða vinnsluaðili. Þá hefur RB tilnefnt persónuverndarfulltrúa vegna starfsemi RB. Hlutverki og skyldum persónuverndarfulltrúa er lýst í sérstakri starfslýsingu sem m.a. tekur mið af lögbundnum kröfum sem gerðar eru.

Tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir eru hluti af öryggisstjórnkerfi RB sem hefur hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001:2022 og fékk RB áframhaldandi vottun á árinu. RB hefur einnig hlotið vottun samkvæmt stöðlunum PCI PIN og PCI DSS. Tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir taka einnig mið af leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem beinast að rekstri upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og kröfum sem gerðar eru til SWIFT greiðslugáttar. RB hefur gilt starfsleyfi sem Swift Service Bureau, sem var endurstaðfest á árinu.

Þá gefur RB árlega út áreiðanleikaskýrslur, ISAE 3402. Skýrslurnar byggja á úttekt óháðs aðila á hönnun og virkni innra eftirlits. Úttektir fela í sér umfangsmiklar prófanir á innra eftirliti RB og í niðurstöðuskýrslu er tilgreint hvort eftirlitsþættir séu virkir eða ekki.

Lögð er mikil áhersla á atvikastýringu og er hún hluti af kjarnastarfsemi RB. Atvikaferli RB var hannað samkvæmt ITIL árið 2013 og hefur þróast jafnt og þétt síðan. Atvikastjóri sér til þess að allir sem þurfa að koma að atviki séu kallaðir til, veitir því hæsta forgang innan RB, tryggir upplýsingagjöf til viðskiptavina og heldur utan um skýrslugerð og umbótaverkefni í kjölfar atviks. Þegar stóratvik eiga sér stað er stóratvikaferli ræst til að endurheimta mikilvæga þjónustu eins fljótt og auðið er. Mánaðarlega er tekin saman ítarleg skýrsla sem lýsir tölfræði atvika ásamt umfjöllun um alvarlegri atvik. Þessi skýrsla er kynnt innanhús og til viðskiptavina þegar við á.

RB hefur skilgreint lágmarksuppitíma á lykilkorfum félagsins sem 99,75%. Árið 2025 var uppitími lykilkorfa 99,93% á mánuði að meðaltali.